

Kjalarnesi 7.12.2023

Til íbúaráðs Kjalarness

Varðar Lýðheilsumál eldri borgara á Kjalarnesi

Undanfarin misseri hefur loksins verið í boði hin ágætasta vikuleg sundleikfimi á miðvikudögum í Klébergslaug fyrir 60+ borgara og aðra hverja viku lífsnauðsynlegt kaffisþjall með meiru, á fimmtudegi, fyrir sama aldurshóp í félags- og menningarheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi. Hér eiga hrós skilið fyrir framgöngu sína Ragnar Harðarson og Árdís Antonsdóttir verkefnastjóri og félagsráðgjafi á sviði frístunda og félagsauðs hjá Austurmiðstöð Reykjavíkurborgar og síðast en ekki síst Magnea Guðný Ferdinandsdóttir afburða leiðbeinandi í sundleikfimi. En nú eru blikur á lofti varðandi þessar vinsælu gæðastundir. Þær verða felldar niður yfir dimmustu vetrarmánuðina, ólíkt því sem gengur og gerist í öðrum hverfum borgarinnar og alls ekki víst að framhald verði á þeim, með hækkandi sól á næsta ári. Við í Sundhópnum Esju á Kjalarnesi viljum hér með vekja athygli íbúaráðsins á þessu málefni og leggjum áherslu á að 60+ „gull borgarar“ á Kjalarnesi séu EKKI SETTIR SKÖR LÆGRA en aðrir eldri Reykjavíkurborgarar. Við förum fram á það að íbúaráðið þrýsti á um það, við hlutaðeigandi yfirvöld, að framhald verði á þessum góðu félagslegu stundum fyrir 60+ borgara á Kjalarnesi.

f.h Sundhópsins Esju

Theodór Theodórsson

Esjugrund 35

116 Kjalarnesi Reykjavík